

Auglýsing

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær,
sem gjörðar hafa verið árið 1908.

Skrás. 1908 nr. 1. Tilkynt 12. desbr. 1908, kl. 2 síðd. af »*Det Danske
Petroleums-Aktieselskab*« í *Kaupmannahöfn* og skrásett 14. s. m.

Lýsing á merkinu: Innan í hring með tveimur innskotum að ofan og
að neðan sjest glóðarnetslampi; yfir hann eru prentuð orðin: »*Aladdin*« — *Petro-
leum* — *D. D. P. A.*, og þar fyrir neðan eru þrjár stjörnur.



Vörumerkið á aðeins að ná til steinolíu, nafta og annara ljósmetisvökva.
Orðið »*Aladdin*« á að nota sem sjerstaklega uppfundið nafn á þessum vöruteg-
undum.

Merkið er áður skrásett í *Kaupmannahöfn* 7. nóv. 1908 samkv. tilkynn-
ingu dags. 20. okt. s. á.

Skrás. 1908 nr. 2. Tilkynt 12. desbr. 1908, kl. 2 sídd. af »Det Danske Petroleum-Aktieselskab i Kaupmannahöfn og skrásett 14. s. m. **161**

Lýsing á merkinu: Innan í rauðum hring með tveimur innskotum að ofan og að neðan sjest grænn glóðarnetslampi á ljósgrænum grunni; yfir hann eru prentuð með rauðum stöfum orðin: »Aladdin« — *Petroleum* — *D. D. P. A.*, og þar fyrir neðan eru þrjár stjörnur, einnig með rauðum lit.



Vörumerkið á aðeins að ná til steinolíu, nafta og annara ljósmetisvökva.

Merkið er áður skrásett í Kaupmannahöfn 24. okt. 1908 samkv. tilkynningu dags. 20. s. m.

Skritstofa vörumerkjaskráritara í Reykjavík

18. desbr. 1908.